



Know Your Rights Fréttabréf verkefnis

Maí 2020 | Númer 2

Fyrsta afurð verkefnisins (O1) – KYR samanburðarskýrslan komin út

Skýrslan byggir á gloppugreiningum “Know Your Rights” verkefninu og ber saman niðurstöður greininga samstarfsaðila í fimm Evrópulöndum (Austurríki, Kýpur, Ísland, Litháen og Spánn). Megin markmiðið var að taka sama og nýta í verkefninu, fyrirmyndir og leiðir sem farnar hafa verið til að mæta þörf erlends starfsfólks í Evrópu fyrir stuðning og áreiðanlegar upplýsingar um réttindi sín á vinnumarkaði. Til að ná þessu markmiði er samanburðarskýrslan byggð upp á eftirfarandi hátt. Í upphafi eru útdrættir um stöðu mála í samstarfslöndunum fimm, auk samanburðar. Í öðrum hluta er farið yfir tölfræði um stöðu starfsfólks af erlendum uppruna í

samstarfslöndunum. Í þriðja hluta er farið yfir löggjöf, stefnu og stjórnsýslu á vinnumarkaði og greint frá gloppum í þjónustu er kemur að vinnulöggjöf, stuðningi við og upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna. Í fjórða hluta er sagt frá og lagt mat á mögulegar lausnir og fyrirmyndir (þrjár frá hverju landi). Að lokum er í fimmta hluta dregnar saman niðurstöður viðtala við hagaðila á sviði vinnumarkaðsmála, vinnuverndar og stuðnings til erlends starfsfólks. Uppbygging skýrslunnar ætti að veita góða yfirsýn yfir stöðu mála og hvað má bæta til að mæta þörfum erlends starfsfólks í Evrópu fyrir upplýsingar og stuðning á vinnumarkaði.

Ísland

Erlendir starfsmenn á Íslandi hafa ekki aðgengi að upplýsingum um réttindi sín, sérstaklega þeir sem tala hvorki íslensku né ensku og tilheyra ekki fjölmennustu innflytjendahópnum sem hafa byggt upp sitt eigið stuðningsnet. Megin hindranir erlendra starfsmanna á vinnumarkaði er tungumálakunnátta, takmörkuð upplýsingamiðlun auk ómeðvitaðra og meðvitaðra brota vinnuveitenda á réttindum starfsmanna, þá skortir samhæfingu í þjónustu við starfsmenn af erlendum uppruna.

Austurríki

Í samanburði við önnur lönd þá er í Austurríki, sérstaklega í Innsbruck og Tírol, boðið upp á víðtæka þjónustu á vinnumarkaði svo sem náms- og starfsráðgjöf og þá sérstaklega fyrir innflytjendur og flóttafólk. Engu að síður þá skortir upplýsingagjöf um lög á vinnumarkaði þegar fólk er komið með vinnu, þetta á sérstaklega við um erlenda starfsmenn. Fulltrúar starfsmanna svo sem verkalýðsfélög og Samtök þeirra, skilgreina sitt hlutverk almennt og að þeir eigi að veita öllum sömu þjónustu. Þannig eru varla til staðar nein þjónusta þar sem veitir upplýsingar um réttindi á mörgum tungumálum né býður upp á stuðning eða lögfræðiráðgjöf á öðrum tungumálum en þýsku.



With the support of the
Erasmus+ Programme
of the European Union

This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein. Project number: 2019-1-IS01-KA204-051136.

Kýpur

Rannsóknir í Kýpur hafa sýnt að almennt skortir á að fólk, bæði heimafólk og innflytjendur, sé meðvitað um réttindi sín á vinnumarkaði. Þær hindranir sem bent hefur verið á eru tungumálakunnátta, takmörkuð upplýsingamiðlun, skortur á samfélagsvitund og almennri kynningu auk þess brot gegn verkafólki frá þriðja heims löndum eru algeng.

Litháen

Samantekið þá eru helstu hindranir sem mæta innflytjendum á vinnumarkaði, tungumálakunnátta, skortur eða mat færni sem leitað er eftir á vinnumarkaði, vanþekking á réttindum á vinnumarkaði og takmörkuðum skilningi á vinnulöggjöf, aðgengi að húsnæði, stuðningsumhverfi fjölskyldna og menningarmun sem hindrar innflytjendur í því að fá starf við hæfi í Litáen.

Spánn

Á Spáni standa erlendir starfsmenn verr en heimamenn aðalega sökum þess að þeir starfa í atvinnugreinum þar sem minna er um eftirlit og þar sem aðstæður bjóða upp á misbeitingu og ekki eru gerðir löglegir ráðningarsamningar. Þrátt fyrir að flestir séu að einhverju leiti meðvitaðir um réttindi sín þá geta þeir í mörgum tilfellum ekki tilkynnt brot af ótta við atvinnu- og tekjumissi. Upplýsingamiðlun til erlendra starfsmanna um réttindi á vinnumarkaði er takmörkuð, sérstaklega þeirra sem eru ekki í löglegu ráðningasambandi við vinnuveitendur sínar sem gerir það jafnframt erfitt að nálgast þá með slíkar upplýsingar.

“Know Your Rights” vefsíðan opnuð

Ítarlegri upplýsingar og gloppugreiningar frá samstarfslöndum. Á heimasíðunni má einnig finna samantekt á íslensku um verkefnið, sjá: <https://kyr.lpf.lt/>



KYR project website

2019-1-IS01-KA204-051136

HOME PAGE ARTICLES/NEWS ABOUT THE PROJECT OUTPUTS PARTNERSHIP GALLERY DOWNLOAD PLATFORM ENGLISH



With the support of the Erasmus+ Programme of the European Union

This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein. Project number: 2019-1-IS01-KA204-051136.